

Jón Stefánsson og Þorvaldur Skúlason í Listasafni ASÍ

I TÍLEFNI Listahátíðar hefur verið opnuð óvenju skemmtileg sýning í Listasafni A.S.I., sem er til húsa á Þriðju hæð í húsi Alþýðubankans við Laugaveg. Eg held, að fullyrða megji, að þessi sýning sé ein af bestu sýningum, sem gerðar hafa verið á íslenskrum list. Hún er sérlega vönduð og ekki of stór í sniðum til þess að snobba þurfi fyrir meðalmennskunni, sem því miður er dragbítur á mörgum samsýningum, sérstaklega á seinni árum.

Sú hugmynd að koma saman sýningu, sem byggð er á verkum þeirra Jóns Stefánssonar og Þorvalds Skúlasonar, er að mínum dómi ágæt. Báðir eiga þessir menn einn mestan þátt í því að hafa stutt þannig að íslenskrum myndlist, að hún hefur orðið meira en fönður og náttúrskoðun. Jón Stefánsson er um margt okkar merkilegasti myndlistarmaður á þessari öld og kom til Íslands með óvenjulega stranga skólun og nýstárlegar hugmyndir um eðli og tilgang málverksins, enda hafði hann notið þeirra einstöku forréttinda, að vera í læri hjá sjálfum Matisse þann stutta tíma, er hann rak einkaskóla sinn í París. En Matisse byggði kennslu sína mikið á verkum Cézanne og var þar með kominn að kjarna þeim, er átti eftir að hafa ein mestu áhrif á myndlist á tuttugustu öld. Þorvaldur

Skúlason komst snemma í kunningsskap við Jón Stefánsson og var því þegar frá unglingsárum kominn í snertingu við það, sem efst var á

baugi í myndlist samtímans. Og ef ég veit rétt, var það Jón Stefánsson, sem réð hvert Þorvaldur fór til náms, þegar hann fyrst leitaði sér fanga á erlend-

um vettvangi. Því er það ekki gripið úr lausu lofti að sýna þessa tvo brautryðjendur íslenskrar samtímalistar saman. Einn af sölum Listasafns A.S.I., er helgaður portretum af nokkrum íslenskum listamönnum í tilefni listahátíðar, og þar eiga þau Snorri Arinbjarnar, Nína Tryggvadóttir og Jón Engilberts, eftirminnleg verk, sem falla ágætlega að öðru efni sýningarinnar, en allt þetta fólk var í nánum listrænum tengslum skóp í rauninni vissan kapitula í íslenskrum myndlist. Ennfremur má geta þess, að margur samtíðarmaðurinn er þeirrar skoðunar, að einmitt þetta tímabil sé skemmtilegasti þáttur myndlistar okkar að undanfögnu. Sé það rétt, þá er hér gott tækifæri til að kynna öldum verkum, sem öll eru í eigu Listasafns A.S.I., en eins og allir vita, er þetta einkasafn Ragnars Jónssonar, sem hann afhenti A.S.I. að gjöf fyrir nokkuð mörgum árum.

Það, sem sýnt er eftir Jón Stefánsson, er frá síðustu árum hans. Þá hafði hann slakað nokkuð á stífri formbyggingu, er hann hafði stundað hvað mest íslenskra þálfandi málara, og þau áhrif, er hann hafði á samtíð sína eru ómetanleg, einkum og sér í lagi var Jón valdur þess, að þeir, er síðar komu, lögðu meiri áherslu á sjálfa myndbygginguna en áður

tíðkaðist. Hann var síleitandi í list sinni, og ég held, að hann hafi sjaldan eða alls ekki orðið ánægður með verk sín. Hann vann löngum verk sín á löngum tíma og átti það til að endurvinna sum verka sinna. — svo að árum skipti. Þótt furðulegt megji virðast, hafa þessi ströngu vinnubrögð Jóns valdið þeim misskilningi hjá sumum, er um listir rita í dag, að honum hafi verið ósýnt um að koma saman málverki og jafnvel hæfileikalaus. Þetta er auðvitað fjarstæðukennd skýring og á sér enga stöð í veruleikanum. A þessari sýningu gefur að líta sjálfmynd, sem að mínum dómi er eitt af merkustu verkum, sem ég hef séð eftir Jón.

Myndlist

Á LISTAHÁTÍÐ

eftir VALTÝ PÉTURSSON



Jón Stefánsson: Sjálfmynd.

Hestar í jökulvatni, er annað verk, sem ég bendi á. En raunverulega er það rangt að fara að gera upp á milli þess, sem hér er á boðstólum. Þetta eru mjög ekta verk, sem sverja sig til eins og sama upphafs. Jóns Stefánssonar. Stórskemmtilegt og fróðlegt er að kynna þessum verkum. Sama gildir um verk Þorvalds Skúlasonar, sem nú er nýlega orðinn sjötugur, og satt að segja bjóst ég við, að þessi tímamót mundu verða betur notuð og að stór yfirlits-sýning á verkum þessa meist-

Sýning á verkum Gerard Schneiders

LISTAHÁTÍÐ í Reykjavík er hafin, og er það í fjórða sinn, sem landsmenn fá að njóta þess, er þar kemur fram. Það má sannarlega kalla slíkan viðburð hátíð, þar sem fólk fær tækifæri til að sjá og kynna listsköpun, sem ekki er á boðstólum daglega í okkar ágæta þjóðfélagi. Þessum orðum til sönnunar bendi ég á hina stórmerku sýningu á 40 Gouachemyndum eftir hinn víðfræga snilling abstraktlistar, Gérard Schneider, sem komið hefur verið fyrir í Kjarvals-

aðlögunartíma, þegar um listrænt átak er að ræða.

Eg verð að játa, að mér hlýnaði innvortis, er ég kom á sýningu Schneiders. Ekki hafði mig óráð fyrir að sjá verk hans hér á landi, og þar sem ég dvaldi í Parísarborg einmitt um það leyti, er Schneider var í þann mund að koma aftur fram á sjónarsviðið með verk sín eftir tæpra þrjátíu ára hlé á sýningu þeirra, fannst mér eins og tíminn hefði staldrað við andartak og gleði mín var engu minni en er fundum okkar Schneiders þar fyrst saman, en síðan er liðinn góður aldarfjórðungur. Já það var í þann tíð, er abstrakta listin var sú slagæð, er einna örast sló meðal framúrsteffnumanna í álfunni, og einn þeirra, er áttu sterkan þátt í því ævintýri, var Gérard Schneider. Hann er nú farinn að eldast og er orðinn það fótúinn, að hann gat ekki séð sér fært að koma hingað til lands í tilefni þessarar sýningar. G. Schneider er fæddur 1896 í Sviss, en fór ungur til náms til Frakklands og hefur í lengst þar eins og margur myndlistarmaðurinn fyrr og síðar. Schneider er enn í fullu fjöri sem málar, og hann hefur ekki orðið til á einum degi frekar en Rómaborg. Það yrði of langt mál að rekja feril hans hér, en þar sem væntanleg er grein um hann í Lesbók á næstunni, fer ég ekki meir út í þá sálma nú. Eg get vart látið vera í þessum fáu línunum að minnst þess hér, hve við vorum hrifnir af verkum þessa merkilega listamanns, er við vorum við nám í Parísarborg hér forðum daga. En ekki varð nú, hagar strympu minni er okkur var

boðið, íslensku málurunum, er vorum þarna samankomnir, að sýna á þeim fræga Salon de Mai, og einn af mättarstólum þeirrar sýningar var einmitt Gérard Schneider.

Sýning sú, er nú er á Kjarvalsstöðum, gefur ágæta hugmynd um Schneider sem málara. Hann er einn af þessum ótrúlegu kunnáttumönnum, sem ekki eingöngu hafa lært lexíuna, heldur bætt þar dálítlu við, því sem gerir meðferð litar og forms að því, sem orkar á mannveruna, líkt og áhrif hljómkviðu. Schneider er einn þeirra gæfusömu listamanna, sem ekki þarf að skapa sér

grundvöll með hávaða og alskonar skringilegheitum. Hann er einn þessara þöggu meistara, sem hafa aðeins eitt takmark í tilverunni: að fullkomna list sína. Hann skapar þessi feiknalegu sterku og einföldu verk með eins litlu og mögulegt er, stundum jafnvel finnst manni við fyrstu sýn eins og hann sé svoltið harður og kaldur í myndsköpun sinni, en við nánari kynningu kemur allt annað í ljós. Sveiflur hans í formi og einbeintni sú, er kemur fram í grunntónum verka hans, eru fyrst og fremst afrakstur mikillrar reynslu og nærar tilfinningar fyrir efni og möguleikum þess ásamt sjálfsgögn. Hann hefur á valdi sínu markaða tækni, sem verður auðveldlega lesin úr því öryggi og snerpu, sem einkenna allt, er Schneider leggur hönd á. Verk hans eru svo persónuleg að hann verður ekki endurtek-

inn án þess að allir þeir, er þekka til listar hans, viti, að í upphafi var orðið, eins og segir í ritningunni.

Ekki er ég þess umkominn að gera upp á milli þeirra verka, er þessi sýning samanstendur af. Þau eru öll auðvitað mjög í stíl Schneiders, en þau eru sérlega fjölbreytileg, og þarna kemur einmitt vel í ljós, hvernig hann vinnur. Samt sakna ég þess, að ekki eru á þessari sýningu nokkrar af stærri olíumyndum Schneiders, sem hafa að mínum dómi enn meiri slagkraft og ferskleika en þessar gouachemyndir. Þetta er að mínum dómi mesti viðburður í myndlist, sem gefur að líta á Listahátíð 1976. Eg fullyrði, að enginn er svikinn af að sjá þessa sýningu, og ég vona að, sem flestir hafi tækifæri til að njóta þeirrar auðlegðar, sem Frakkar hafa sent okkur á þessu vori.

Myndlist

Á LISTAHÁTÍÐ

eftir VALTÝ PÉTURSSON

sal á Kjarvalsstöðum. Þar eru að vísu aðrar sýningar á vegum listahátíðar, en um þær verður ekki fjallað að sinni. Eitt vildi ég þó minnst á, en það er, að nú eru Kjarvalsstaðir með fleiri sýningar og aðra listviðburði í senn, og nú ætti að koma í ljós, hvort grundvöllur er fyrir slíku fyrirkomulagi í þessari verðandi listamiðstöð Reykjavíkur. Verður fróðlegt að sjá, hvernig til tekst. Persónulega er ég ekki í neinum vafa um, að þannig á framtíðarskipulag þessa húss að vera, en við skulum heldur ekki gera okkur of miklar vonir strax í byrjun. Ef ég þekki landa mína rétt, þá þurfa þeir svoltinn

Schneider: „Grár grunnur“ (1960).

